




ÁSGARÐSSKÓLI
SKÓLI Í SKÝJUNUM

INNRA MATS SKÝRSLA

Jul 4, 2023

Esther Ösp Valdimarsdóttir

Inngangur	3
Starfsáætlun um innra mat	3
Niðurstöður mats	3
Umbótaáætlun síðasta skólaárs	4
Innra mat 2022-2023	5
Gögn til stuðnings innra mats:	5
Foreldakönnun	5
Starfsmannasamtöl	5
Skólaping	5
Innlit í kennslustundir	5
Nemendakönnun	6
Matslisti	6
Umbótaáætlun næsta skólaárs	6
Samantekt	8

Inngangur

Markmið skólans er að uppfylla 90% af viðmiðum um gæðastarf í Nýsköpunarskólum. Innra mati er ætlað að upplýsa hvernig gögn um innra mat gefa til kynna stöðu skólans gagnvart viðmiðum og vísbendingum um gæðastarf í Nýsköpunarskólum.

Þessi skýrsla fjallar um helstu viðfangsefni innra mats á skólaárinu 2022-2023 sem voru nám og kennsla auk umbóta sem fyrirhugað er að fara í á næsta skólaári.

Farið var eftir innra mats áætlun og niðurstöður hvers þáttar kynntir skólaráði hverju sinni.

Starfsáætlun um innra mat

Starfsáætlun Innra mats teymis SÍS 22-23

Samkvæmt starfsáætlun innra mats teymis var fyrirhugað að framkvæma innra mat í annað skipti á yfirstandandi skólaári, nú á námi og kennslu.

Regluleg innlit ráðgjafa og stjórnenda voru á dagskrá auk jafningjamats. Tvö nemendaping voru á árinu auk opins skólaráðsfundar. Jafnframt var send út nemendakönnun. Í janúar hófum við að vinna eftir hæfniramma kennara og þá voru starfsmannasamtöl brotin upp í fleiri og styttri viðtöl.

Einhverjir formlegir fundir voru haldnir um innra mat með skólastjóra og kennurum. Vegna álags á kennara var skólastjórn svo falið að vinna innra matið og leggja niðurstöður fyrir skólaráð á fundum þess og varð skólaráð þá í raun innra mats teymi um leið.

Samkvæmt [langtímaáætlun um innra mat](#) lá fyrir að meta nám og kennslu þetta árið, stjórnun og fagleg forysta verður svo metin starfsárið 2023-2024 og þá er hringnum lokað.

Í kjölfarið var gerð umbótaáætlun um alla hluti sem ekki náðu dökkgrænni þegar kemur að áhersluþáttum ársins.

Niðurstöður mats

Matsteymi Skóla í skýjunum er um leið skólaráð og er skipað skólastjóra, einum kennara skólans, einum starfsmanni, einum fulltrúa nærsamfélags, tveimur fulltrúum foreldra og tveimur fulltrúum nemenda.

Fyrsta skólaárið lagði matsteymið áherslu á **innra mat**, skipulag þess og framkvæmd. Á skólaárinu sem er að líða hefur verið lögð áhersla á að meta **gæði náms og kennslu**. Það hefur verið gert með því að meta skólanámskrá, gögn af heimasíðunni og námsefni úr Askinum. Matið hefur einnig farið fram með samræðum við nemendur, á skólapingi og með kerfisbundnu innliti í kennslustundir auk fyrirlagnar nemendakönnunar.

Innra mat er kjarni umbótastarfs Skóla í skýjunum. Skólastarfið er skipulagt af öflugum teymi kennara og stjórnenda sem byggja stefnu sína og ákvarðanir á rannsóknum og gæðaviðmiðum. Starfsfólk hefur þannig fengið vandaða rannsóknastudda leiðsögn. Árangurinn hefur ekki látið á sér standa, námið er gott, vel skipulagt og stenst fjölbreyttar gæðakröfur

Matið byggir á **matslistum** Nýsköpunarskólans. Í ár stendur yfir endurskoðun á gæðakerfi skólans og verið er að skipta út eldri matslistum. Nýr matslisti Nýsköpunarskólans gengur lengra en sá fyrri og leggur meiri áherslu á sköpun og persónuðun náms. 104 viðmið hafa verið metin af skólastjórn, kennurum og

nemendum á skólaárinu. Skólaárið 2023-2024 er fyrirhugað að leggja áherslu á matsviðmið sem tengjast stjórnun og faglegri forystu skólans.

Matsviðmiðin eru eftirfarandi:

- RAUTT** - Mikilla umbóta er þörf á flestum eða öllum þáttum. Óviðunandi verklag, margir mikilvægir þættir uppfylla ekki viðmið skólans um gæðastarf.
- GULT** - Meiri veikleikar en styrkleikar. Viðunandi verklag sem uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, en einhverjir mikilvægir þættir þarfnast umbóta.
- LJÓSGRÆNT** - Meiri styrkleikar en veikleikar. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.
- GRÆNT** - Flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu á gæðastarfi.

Stjórnun og fagleg forysta		Nám og kennsla		Innra mat
Faglegt samstarf og samræða	Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir	Inntak og námskrá	Skipulag náms	Skipulag
Samvirkni í stefnumótun - stefnumótun og skipulag	Starfsmanna stjórnun og verkaskipting	Árangur náms	Námsvitund	Framkvæmd
Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu	Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsmanna	Gæði kennslu	Ábyrgð og þátttaka	Umbætur
Umbætur og innleiðingar breytinga				

Eins og sjá má eru allir þættir strekir þegar á heildina er litið þótt einstaka þættir hafi fengið gult og jafnvel rautt mat. Betur er gert grein fyrir þeim þáttum í umbótaáætlun hér að neðan.

Umbótaáætlun síðasta skólaárs

Eftir innra mat síðasta árs kom í ljós að langflestir þætti væru vel skilgreindir og skipulag, framkvæmd og umbætur bæru skýr merki um gott skipulag og skilning á innra mati. Gerð var áætlun um eftirfarandi umbætur og hér er gerð grein fyrir hvernig unnið var að þeim. Umbótaáætlun eftir síðasta innra mat stóðst því fyllilega og má því áætla að allir þættir er varða innra mat í Skóla í skýjunum séu samkvæmt áætlun.

Umbótaþáttur	Úrbætur
Vinna starfsáætlun gæðaráðs og starfa eftir henni	Já - Starfsáætlun um innra mat var gerð.
Stofna teymi sem hefur formlegt hlutverk að sinna innra mati. Fá ráðgjafa frá Ásgarði til að	Já - Horft var frá reglulegum fundum með kennurum um innra mat en að öðru leyti var

stýra vinnunni.	áætlun fylgt eftir. Á komandi ári gegnir skólaráð jafnframt hlutverki innra mats teymis og skólastjórn sinnir metinu milli funda.
Kynna umbætur öllu starfsfólki og skólaráði með formlegum hætti.	Já - starfsáætlun um innra mat var lögð fyrir starfsfólk og skólaráð.

Innra mat 2022-2023

Stuðst var við ítarleg viðmið og vísbendingar [Nýsköpunarlykilsins um innra mat](#).

Gögn til stuðnings innra mats:

Foreldakönnun

Ekki náðist að leggja hana fyrir á árinu.

Starfsmannasamtöl

Starfsmannasamtöl voru haldin með breyttum hætti. Byrjað var í janúar og fékk hver starfsmaður 3-4 styttri samtöl þar sem jafnframt var stuðst við matslista til að meta hæfni og framför í starfsþróun viðkomandi.

Masterskjal - Móttaka nýrra starfsmanna - Stjórn SÍS

Almenn ánægja var með þetta fyrirkomulag. Sökum þessa gafst einnig tækifæri til að gera úrbætur strax, til dæmis að minnska fundarálag og leggja aukna áherslu á samvinnu kennara í teymi.

Skólalæping

Skólalæping var haldið að hausti. Það fólst aðallega í því að prufa vinnubrögðin og sýna nemendum fram á að þau gætu haft áhrif.

Skólalæping að vori var haldið í mars. [Miro borð um það má nálgast hér](#). Nemendur óskuðu eftir skýrari áherslum og auknum kröfur í íþróttum, meiri landafræði og stærðfræði. Brugðist var við þeim óskum í skipulegi kennslu svo eftir var tekið.

Innlit í kennslustundir

Stjórnendur og ráðgjafar fóru í regluleg innlit. Einblýnt var sérstaklega á innleiðingu leiðsagnarnáms og þá einkum upphaf kennslustunda og námsmat með nemendum samhliða verkefnavinnunni. Skráning niðurstaðna hefði mátt vera merkvissari og miðlægari en kennarar fengu þó alltaf umsögn, samtal og ráðgjöf um endurbætur í kjölfar innlita.

Nemendakönnun

Hér gefur svo að líta [niðurstöður nemendakönnunar](#).

Í nemendakönnun kemur fram að leiðsagnarnáminu er fylgt vel eftir. Ákveðna þætti má þó bæta. Greinilegt er að skoða þarf að kennarar tali minna og nemendur meira. Eins þarf að vinna í því að

skilgreina betur hvernig nemendafélag skólans virkar og hefur áhrif en það mun að einhverju leiti skýrast þegar félagsmiðstöðin skilur sig frá skólanum.

Það virðist of algengt að nemendur tengi ekki við verkefnin, viti ekki hvað þau eigi að gera eða upplifi sig læra lítið af verkefnunum. Mikilvægt er að skoða þetta við námsefnisgerð og framkvæmd kennslu.

Síðast en ekki síst fara upplifa nemendur sig fara lítið út í bæ og má þar sannarlega bæta úr skák, enda sérstakt tækifæri að geta farið í rannsóknarleiðangra á ólíkum stöðum og deilt svo niðurstöðum með samnemendum.

Námið þykir þó fjölbreytt og áhugavert og samvinna með öðrum gegnir þar lykilhlutverki. Kynningar og samræður eru algengar. Samskipti í skólanum þykja jákvæð og nemendur hafa töluverða sjálfspekkingu á sér og sínum námsstíl.

Matslisti

Hér gefur að líta útfylltan og metinn matslista.

☰ Nám og kennsla - Matslisti innra mats - Nýsköpunarlykilinn

Listinn er fylltur út af skólastjórn með hliðsjón af þeim gögnum sem talin hafa verið upp hér að ofan. Umbótaáætlun byggir á niðurstöðum þessa lista.

Umbótaáætlun næsta skólaárs

Umbótaáætlun nær til allra þátta sem samkvæmt innra mati ber að fara í umbótaferli. Umbótaáætlun er burðarvirki kerfisbundinna umbóta í hvers skóla. Umbótaáætlun við lok skólaárs leggur grunninn að starfsáætlun innra mats teymis á næsta skólaári.

Eins og fram hefur komið var verið að meta nám og kennslu á yfirstandandi skólaári og því koma umbótaþættir komandi starfsárs úr matslista þess efnis.

Matsþáttur	Staða vor 2023		Áætlun	Lokið
Inntak og námskrá				
1.10 Námsvísar og áætlanir/námshópa eru aðgengilegar og sýnilegar nemendum og foreldrum.	B	Já - sjá námsvísi. Kynnt jafnframt í Velkomin í skýin og í handbók foreldra. Foreldraaðgang að Askinum hefur vantað.	Foreldraaðgangur að Askinum verður tilbúinn með haustinu	
1.17 Stuðningur er fjölbreyttur og tekur til allra þátta í skólastarfinu.	B	Skóli í skýjunum takmarkast af því rými sem starfsemi fer fram í og því erfitt að vera með fullt hús á þessum þætti.	Í lausnateymum skal meta markvisst hvort þörf sé á stuðningi sem við getum ekki veitt og lausnir fundnar til að koma því í kring í nærsamfélaginu.	
Árangur náms				

2.9 Kennarar rýna sameiginlega í niðurstöður námsmats og endurskoða áætlanir.	B	Við erum að innleiða námsmatsstefnu og tryggja að það sé staldrað við 6 sinnum á skólaárinu til að taka formlega stöðuna og draga leiðsagnarnámið saman.	Skipulagðir námsmatsfundir kennara og stjórnenda/ráðgjafa mánaðarlega	
2.10 Nemendur setja sér sín eigin viðmið þegar við á og taka fullan þátt í að meta hvort verkefnavinnu þeirra standist eigin væntingar.	B	Já - í nemendastýrðum viðtölum er framvindan skoðuð. Við viljum gera betur og taka betur stöðuna á framvindunni 6x á vetri árið 2023-2024	Úrbætur með nýrri námsmatsstefnu	
Gæði kennslu				
3.21 Skipulag í kennslustofum og á göngum gefur nemendum tækifæri til að velja sér vinnuaðstöðu eftir viðfangsefnum á vinnustöðvum.	D	Á ekki við um skólastarf í skýjunum. Heimilið er fjölbreyttur vinnustaður.	Hvetja nemendur til að færa sig um set og aðlaga umverfi sitt að sínum þörfum.	
3.23 Nemendur eiga kost á að nýta fjölbreyttan tækjabúnaði í rannsóknum sínum.	B	Bækur hamla ekki tækni og tölvur, öpp, vefsíður og tæki sem finna má á heimilinu eru nýtt jöfum höndum. Heimilisaðstæður og staðsetning skapa ákveðin takmörk en við leitum leiða með nemendum og komum þeim í samband við snillismiðjur eða annað í nágrenninu eins og hægt er.	Styrkjum kennara í því að fara í virka lausnaleyti með nemendum til að finna tæki og töl sem vantar hverju sinni	
Námssvitund				
4.3 Nemendur sýna námi sínu áhuga og eru virkir í kennslustundum.	B	Flestir og oftast - oft krefjandi að fá nemendur í virkni. En gengur oftast vel og hægt að finna leiðir sem henta hverjum og einum. Framfarir sýnilegar.	Kennarar skipuleggi allar kennslustundir með þetta í huga og kanni markvisst þátttöku með regluegu millibili í hverri kennslustund. Kennarar taki saman virkniverkfæri.	
4.9 Nemendur gera sér grein fyrir og nýta sér mismunandi leiðir til að afla sér þekkingar og leikni í námi.	B	Já - mætti þó gera markvissar og kortleggja betur	Nota nærumhverfið, heimsóknir, útisvæði, söfn og fólk betur og markvissar.	
Ábyrgð og þátttaka				
5.16 Séð er til þess að upplýsingar um umræður og ákvarðanir ráða eða nefnda, þar sem kjörnir fulltrúar	B	Nemendaráð (rökstólar) hafa haft svigrúm í morgunstund til að greina frá sínum ákvörðunum.	Fulltrúar í skólaráði og nemendaráði segi frá framgangi mála eftir fundi - gert í	

nemenda sitja, séu öllum nemendum aðgengilegar.		Bæta mætti við tilkynningum frá nemendum sem sitja skólaráðsfundi.	morgunstund.	
Skipulag náms				
6.12 Nemendur hafa góðan aðgang að fjölbreyttum námsgögnum og nýta þau.	B	Já - Á netinu og í þeirra umhverfi- heimilið er þeirra námsgagnaveröld. Nota eigin umhverfi einnig til daglegrar útiveru. Getum bætt úr með útinámi og heimsóknum á söfn og annað í nágreinninu.	Nota nærumhverfið, heimsóknir, útisvæði, söfn og fólk betur og markvissar.	

Samantekt

Niðurstaðan er að skipulag náms og kennslu er til fyrirmyndar. Skólanámskrá og áætlanir standast allar gæðakröfur og vel það. Aðalnámskrá grunnskóla og Norrænum gæðaviðmiðum er fylgt í hvívetna og sköpun höfð að leiðarljósi í fjölbreyttu og áhugadryfðu námi.

Skóinn kreppir helst að þegar kemur að því að framfylgja þessari sýn í kennslustundum. Nemendur upplifa flestir að hlustað sé á þá og að námið sé áhugavert og sniðið að þeirra þörfum en þar er engu að síður rými til að bæta um betur. Með aukinni þjálfun kennara og stuðningi við þá starfshætti sem einkenna skólann auk þess að grípa til þeirra aðgerða sem kveðið er á um í umbótaáætlun er þetta vel viðráðanlegt.

Skólinn er nýr og mikilvægt er að starfað sé eftir þeim áætlunum sem gerðar hafa verið.

Á komandi ári verður unnið inna mat á stjórnun og feglegri forystu.